

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
Suðurlandsbraut - Múlar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2002-2024, frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að bætt er við þéttingarsvæði á mynd 5 í greinargerð aðalskipulagsins. Svæðið er merkt sem þéttingarsvæði nr. 16. og sýnir svæði sem kallast Suðurlandsbraut - Múlar þar sem gert er ráð fyrir allt að 300 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.